

Leirvogsa

Rannsókn á seiðabúskap 3 -10. ágúst 2014

Samantekt

Alls veiddust 311 laxar, sem var mikil minnkun frá í fyrra. Mikið fannst af vorgömlum seiðum (0+) en minna var um stærri seiði. Ekki er hægt að spá um hver áhrif þetta hefur á framvindu laxveiðinnar.

Vorið var gott og seiðin hafa fengið eðlilegan undirbúning undir sjávargönguna. Lítið er af klaki ofan við Tröllafoss enda fáum fiskum sleppt þar í fyrra.

Stungið er upp á að sleppa laxi fyrr á svæðið og prófa að setja hann beint í Leirvogsvatn

- 0000 --

Inngangur:

Vorið var óvenju hlýtt en varð fljótlega úrkomusamt. Var því farið snemma í rannsóknaveiðar þegar færi gafst vegna úrkomu og vatnsaga. Það var í byrjun ágúst. Veitt var á 3 stöðum ofan við Tröllafoss, alveg upp við Leirvogsvatn, 50 m ofan við Stíflisdalsá og einum km þar fyrir neðan. Enginn laxaseiði fundust uppi við vatn en þau fundust á báðum neðri stöðvunum. Veitt var á 5 stöðum neðan Tröllafoss, frá Hrafnhólum niður að brúnni við Varmadal. Alls staðar fannst mikið af laxaseiðum, sérstaklega vorgömlum en lítið var um stærri seiði. Mun minna fékkst af urriðaseiðum en fyrir ári.

Laxveiðin 2014 var sú lakasta í langan tíma, smálaxagöngur brugðust að mestu S og V lands. Að hluta til má skrifa það á vorkulda og þurrt 2013 en þá sagði í Ársskýrslu Leirvogsar : "Vorið 2013 var óvenju kalt og þurrt. Seiði gengu seint til sjávar í tæru vatni".

Reynslan hefur sýnt að köld vor gefa lélegar smálaxagöngur árið eftir. Eftir miðjan ágúst fór að rigna og óx mjög í ám sunnan- og vestanlands.

Niðurstöður


Lax

Tafla 1 sýnir fjölda laxaseiða, sem veiddust á stöðvum 1-8. Stöðvar 1-3 eru á ófiskgenga hlutanum fyrir ofan Tröllafoss. Mynd 1 sýnir lengdardreifingu veiddra seiða. Mjög mikið veiddist af 0+ seiðum sem eru


úr klaki vorsins. Þéttleiki nú var um þrefalt meiri en árið 2013 eða 185 í stað 57 seiða á 100m². Þéttleiki eldri seiða var hins vegar lágur, mun minni er 2013. Samanburður á seiðaveiðum 2013 og 2012 er sýndur á myndum 1 og 2 á næstu síðu. Myndirnar eru í sama skala til að auðvelda samanburð.

Stöð nr.	Nafn	Dags	Stærð	Aldur								Samtals	Þéttleiki Fj/100m2
				0+		1+		2+		3+			
			m²	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml	Fj	ml		
1	Neðan Leirvogsvatns	4/8	20										
2	Ofan Stardalsár	4/8	20	3	3.2			8	9.2			11	55
3	Neðan Stardalsár	4/8	50	1	3.5	2	8.2					3	6
4	Ofan Hrafnhólabrúar	3/8	100	51	3.3	3	6.8	2	8.5	1	10	57	57
5	Neðan Hrafnhóla	3/8	60	48	3.6	6	6.3	2	8.2			56	93
6	Miðsvæði efra	3/8	60	54	3.6	5	6.2	1	9.2			60	100
7	Miðsvæði neðra	9/8	60	18	3.8	3	6	1	9.2	1	10.5	23	38
8	Ofan gömlu brúar	9/8	60	10	4.2			1	8.8			11	18
	Samtals:		430	185	3.6	19	6.7	15	8.9	2	10.2	221	51
													221
	Fj/100m²			43		4.4		3.5		0.5		51	

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-8. Stöðvar 1, 2 og 3 eru fyrir ofan Tröllafoss.



Mynd 1. Lengdardreifing laxaseiða á fiskgenga hluta Leirvogsár 2014



Mynd 2. Lengdardreifing laxaseiða á fiskgenga hluta Leirvogsár 2013

Þessi samanburður á niðurstöðum seiðaveiða sýnir að verulega meira var af vorgömlum (0+) seiðum 2014 miðað við árið á undan. Einnig að mun minna var af eldri seiðum 2014 en 2013. Erfitt er að spá um framvindu laxagegndar út frá seiðamælingum enda virðast skilyrði í sjó ráða meira um laxagengd en magn seiða sem mælis árið áður en þau ganga út.


Urriði

Tafla 2 sýnir fjölda urriðaseiða á stöðvum 1-8 og mynd 3 sýnir lengdardreifingu veiddra seiða.

Nokkur urriðaseiði og ein bleikja veiddust neðan við Leirvogsvatn en engin á stöðvunum við Stíflisdalsá. Alls staðar á fiskgenga hlutanum veiddust sumargömul seiði (0+) í miklu magni.

Stöð nr.	Staður	Dags	Stærð	Aldur				Samtals	Þéttleiki
				0+		1+			Fj/100m ²
			m ²	Fj	ml	Fj	ml		
1	Neðan Leirvogsvatns	6/9	20	6	4.8	1	11.5	7	35
2	Ofan Stardalsár	23/8	20						
3	Neðan Stardalsár	29/8	50						
4	Ofan Hrafnhólabrúar	29/8	100	9	3.9	2	6.9	11	11
5	Neðan Hrafnhóla	20/10	60	13	4.1	2	6.4	15	25
6	Miðsvæði efra	7/9	60	7	4	2	6.1	9	15
7	Miðsvæði neðra	7/9	60	12	4.9			12	20
8	Ofan gömlu brúar	7/9	60	27	4.7	6	8.1	33	55
	Samtals:		430	74	4.4	13	7.8	87	20
	Fjöldi/100m ²			17		3		20	

Tafla 2. Fjöldi veiddra urriðaseiða í einni yfirferð á stöðvum 1-8.



Mynd 3. Lengdardreifing veiddra urriðaseiða 2014.

Ástand og fjöldi seiða á einstökum veiðistöðum

Ofan Tröllafoss

Veitt var á þremur stöðum. Neðan við Leirvogsvatn, rétt neðan við brú á þjóðvegi. Þá var veitt rétt ofan við Stardalsá og um 1 km neðan við þann stað.

Neðan Leirvogsvatns fundust urriðaseiði og ein bleikja en engin laxaseiði. Þetta er ágætis uppeldissvæði og myndi henta vel fyrir lax, en seiðin virðast ekki hafa leitað þangað upp eftir. Til þess að nýta þetta svæði mætti gera tilraun með að sleppa nokkrum laxapörum í Leirvogsvatn en þau myndi væntanlega leita niður í ána til að hrygna. Best væri að gera þetta snemma, ekki síðar en í byrjun september, þannig að laxarnir hefðu tíma til að átta sig.

Við Stardalsá var mikið af seiðum, stórum tveggja ára seiðum þar sem allir hængar voru kynþroska af útlitinu að dæma, eins fundust nokkur vorgömul seiði. Flestum seiðanna var sleppt aftur að lokinni mælingu.

Einum km neðar fundust seiði, ekki mörg, en furðu vakti að sum voru eins árs gömul, en það kemur ekki alveg heim við sleppingar, því ekki er vitað til þess að laxi hafi verið sleppt á svæðið 2012.



Mynd 4. Seiði sem veiddust við Stardalsá. Stóru seiðin eru 2 ára og 8-12 cm að lengd. Litlu seiðin eru úr klaki ársins.



Mynd 5. Tveggja ára 13 cm kynþroska hængur veiddur við Stardalsá. 2013 fundust þarna einnig kynþroska hængar, þá 7.5 cm langir. Þetta bendir til þess að kynþroska hængar geti hrygnt tvö ár í röð.


Fiskgengi hlutinn

Sumargömul laxaseiði (0+) fundust á öllum stöðvum í miklu magni, minnst fannst á neðstu stöðinni við Varmadal, 10 seiði á 100 m², en þar fannst hins vegar mest af urriðaseiðum.

Mjög mikið fannst af smáseiðum 50 m ofan við brúna við Hrafnhóla (stöð 4) enda botninn fínn og smágrýttur. Svipað má segja um stöðvarnar neðar í ánni með þeirri undantekningu að lítið fannst af laxaseiðum á stöðinni við Varmadal, en þar voru urriðaseiðin ríkjandi.

Ár	0+	1+	2+	3+	Samtals Fj.100m ²
2008	7.8	5.0	0.9	0.4	14
2009	18.3	4.5	4.9	1.1	29
2010	30.1	13.9	1.8	0.2	46
2011	12.4	5.0	2.0	0.2	20
2012	9.8	4.8	1.7	0.3	17
2013	13.2	15.3	2.5	0.9	32
2014	43	4.4	3.5	0.5	51

Tafla 3. Samanburður á þéttleika laxaseiða í Leirvogsa árin 2008-2014



Mynd 6. Rafveiðistöðvar í Leirvogsa 2014

Hreisturssýni

Alls voru greind 25 hreisturssýni af laxi og 2 af sjóbirtingi. Annar sjóbirtingurinn var 60 cm 2,6 kg og var að koma í sjötta sinn úr sjó. Hinn var 59 cm 2.5 kg og var að koma í sjöunda sinn úr sjó. Niðurstöður úr greiningum á laxahreistri eru í töflu 4.

Ár í ánni	Fjöldi	Ár í sjó	Hængar	Hrygnur	Samtals
3	17	1	8	12	20
4	8	2	2	3	5
Samtals:	25		10	15	25


Tafla 4. Ferskvatns- og sjávaraldur laxa úr Leirvogsa 2014

Vöxtur laxa á fyrsta ári í sjó


Vöxtur 1 árs fiska (19) fyrsta ár í sjó, árið 2013 var 30.9 cm. Vöxtur 2 ára fiska (5) fyrsta ár í sjó, árið 2012 var talsvert meiri eða 38.4 cm.

Til samanburður var vöxtur eins árs fiska í fyrra á árinu 2012 34,3 cm.

Árið 2013 var því verra vaxtarár en 2012, því hafa afföll væntanlega verið meiri, nokkuð sem skilaði minni laxagegnd árið 2014.



Mynd 7. Vöxtur 1 árs laxa fyrsta ár í sjó.



Mynd 8. Vatnshiti í Leirvogsá 15. apríl-28. júní


Vatnshiti

Settir voru niður 2 hitamælar, annar rétt neðan við Heimahyl, hinn við Varmadal. Tveir mælar eru notaðir til öryggis því þeir eiga til að glatast, annað hvort í flóðum eða vegna þess að einhver tekur þá upp. Niðurstöður úr mælinum við Heimahyl sjást á mynd 8.

Áin hitnar nokkuð eðlilega og seinni part apríl fer dagshitinn yfir 8 gráður. Ekkert kuldakast kom um vorið og má segja að skilyrði seiðanna fyrir sjávargöngu hafi verið góð. Samanburð við fyrri ár vantar þar sem mælar voru þá ekki settir niður fyrr en í júní og misstu þannig af vorkomunni.

Tafla 5 sýnir meðalhita hvernar viku frá miðjum apríl til loka júlí. Á mynd 9 hefur taflan verið sett upp í línurit.

Mánuður	Vika nr.	Meðalhiti
Apríl	3	2.4
	4	4.5
Maí	1	5.9
	2	6.6
	3	6.7
	4	7.4
Júní	1	10.1
	2	11.2
	3	10.6
	4	10.8
Júlí	1	9.3
	2	10.5
	3	10.7
	4	12.0



Mynd 9. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsá 2014

Tafla 5. Vikulegur meðalhiti í Leirvogsá 2014

Veiðin 2014

311 laxar veiddust, 85 hængar og 146 hrygnur voru kyngreindar. Sjóbirtingsveiðin var 83 fiskar.


7 löxum var sleppt. Skipting veiðinnar á veiðivikur er sýnd í töflu 6 og á mynd 10.

Ekki voru gerðar fleiri greiningar á veiðibókinni vegna þess að Veiðimálastofnun sendir veiðifélögnum nákvæmar niðurstöður að lokinni vinnslu veiðibóka. Laxveiðin 2003-2014 er sýnd á mynd 11.


Búast má við að veiðin aukist 2015 og er þar tekið mið af góðu seiðaástandi 2013 og hagstæðu vori 2014. Skilyrði til sjávarins skipta mjög miklu máli en þau eru óþekkt.

Dagar	Vika nr.	Lax	Sjóbirtingur
1-6. júlí	1	28	0
7-13. júlí	2	57	7
14-20. júlí	3	49	20
21-27. júlí	4	45	16
28. júlí-3. ágúst	5	24	2
4-10. ágúst	6	21	3
11-17. ágúst	7	10	4
18-24. ágúst	8	2	0
25-31. ágúst	9	19	13
1-7. sept.	10	18	8
8-14. sept.	11	11	2
15-21. sept.	12	10	6
22-28. sept.	13	17	2
Samtals:		311	83

Tafla 6. Veiðin 2014 eftir vikum



Mynd 10. Laxveiðin 2014 eftir vikum



Mynd 11. Laxveiði í Leirvogsá 2003-2014